



Stjórn neyðaraðgerða - vettvangsstjórn

Sú nýbreytni var tekin upp á þessu ári að setja námskeið í vettvangsstjórn inn í grunnám lögreglunema og var heil vika notuð í þá fræðslu fyrir nema á lokaönn. Lögreglumenn munu því útskrifast með þessa menntun úr lögregluskólanum og í framtíðinni er hugmyndin að bjóða upp á upprifjunar- og framhaldsnámsefni í stjórn neyðaraðgerða.

Að ósk lögreglustjórans á Hvolsvelli var haldið námskeið í vettvangsstjórn fyrir viðbragðsaðila í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslum. Námskeiðið var haldið í húsnæði Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu og var því skipt niður á þrjár helgar í febrúar og mars. Um 20 manns frá lögreglu, slökkviliði, björgunarsveitum, Flugstöðum og sveitarfélögum sóttu námskeiðið. Námskeiðinu lauk með prófi sem allir þátttakendur stóðust.



Frá Skrifborðsæfingu á Hellu (ljósm. Rögnvaldur Ólafsson)

Þetta er í þriðja sinn sem vettvangsstjóranámskeið með þessu sniði er haldið utan Reykjavíkur en fyrrinámskeiðið voru haldin á Vestfjörðum.

Námskeið í vettvangsstjórn eru samstarfsverkefni almannavarnadeildar RLS, Lögregluskólans, Brunamálaskólans og Björgunarskólans. Næsta námskeið verður haldið í Reykjavík 15.-19. apríl.

Landsáætlun vegna inflúensufaraldurs

Föstudaginn 28. mars var landsáætlun vegna inflúensufaraldurs undirrituð af þeim Haraldi Briem sóttvarnalækni og Haraldi Johannessen ríkislögreglustjóra. Vinna við áætlanagerð vegna heimsfaraldurs inflúensu hefur nú staðið yfir í rúmlega tvö ár og er fyrsti áfangi þessa stóra verkefnis kominn í höfn. Við tekur vinna við gerð svæðisáætlana og verða þær unnar í samvinnu við sóttvarnalækna umdæma og svæða, lögreglustjóra og fleiri aðila. Einnig verður landsáætlunin þýdd yfir á ensku.



Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri og Haraldur Briem, Sóttvarnalæknir. (ljósm. Rögnvaldur Ólafsson)

Nýlega stöðuskýrslu vegna þessa verkefnis má finna á síðu almannavarnadeildarinnar. Þá er landsáætlunin vistuð á vefsíðu deildarinnar og eru allir sem málið varðar hvattir til að kynna sér innihald hennar.

Vefsíða almannavarna á fleiri tungumálum

Nýverið var sett upp undir fyrirsögninni POLSKI á www.almannavarnir.is helstu upplýsingar um almannavarnir og neyðar- öryggisráðstafanir á pólsku. Hátt í tíuþúsund Pólverjar hafa fasta búsetu á landinu en auk þeirra koma margir hingað í skemmri tíma. Þessar upplýsingar verða einnig aðgengilegar í símaskránni 2008. Nýlega var franska upplýsingasíðan uppfærð.

Mikilvægir innviðir þjóðfélagsins

Við gerð inflúensuáætlunarinnar hefur athyglin beinst að þeim þáttum sem eru bráðnauðsynlegir fyrir almenna starfsemi í þjóðfélaginu og kalla má mikilvægustu innviði þjóðfélagsins. Í áætluninni eru þessir þættir settir fram með skipulögðum hætti og ábyrgð hvers verkþáttar skilgreind. Í farsótt er gert ráð fyrir styrkingu þessara verkþátta með öllum tiltækum ráðum. Í framhaldi af þessari vinnu var ákveðið að gera gátlista um órofinn rekstur fyrirtækja. Myndaður var vinnuhópur um þessa vinnu og í honum áttu sæti auk sóttvarnalækis og starfsmanns almannavarnadeildar, aðilar frá Viðskiptaráðuneyti, Samkeppniseftirliti, ASÍ, Samtökum atvinnulífsins og Alcan en það fyrirtæki hefur lagt töluverða vinnu í farsóttuandirbúning og haldið eigin æfingar. Gátlistanum er ætlað að auðvelda fyrirtækjum vinnu sína við áætlanagerð vegna ófyrirséðra atburða. Hann verður vistaður á vefsíðu almannavarna og verður einnig felldur inn í einkavarnaáætlun fyrirtækja sem almannavarnadeildin hefur gefið út.



Verkefnið um áhættuskoðunina

Verkefnablöðin og niðurstöður vinnuhópa úr áhættuskoðuninni eru nú farin að berast almannavarnadeildinni frá þeim sem tóku þátt í verkefninu í vetur og hafa hóparnir verið að hittast til að leggja lokahönd á verkefnið. Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins mun skoða áhættur á sínu svæði og hefur ráðið starfsmenn til að vinna að verkefninu. Almannavarnanefndin vann fyrir nokkrum árum áhættugreiningu fyrir höfuðborgarsvæðið en mun nú vinna að áhættuskoðun eftir sama verklagi og önnur umdæmi landsins.

Ráðstefna um varnir gegn snjóflóðum

Dagana 11-14. mars s.l. var haldin á Egilsstöðum alþjóðleg ráðstefna um snjóflóðavarnir. Lögð var áhersla á fjölbreytta dagskrá alla dagana og voru haldnir fyrirlestrar um snjóflóð og tengd málefni. Aðalefni ráðstefnunnar var um snjóverkfræði, samfélag, umhverfi og skipulag. Áhersla var lögð á þverfaglega nálgun á efnið. Farið var yfir varnir gegn snjóflóðum síðasta áratuginn og þær skoðaðar út frá mismunandi sjónarhornum. Gerð var grein fyrir markmiði ofanflóðasjóðs og viðlagasjóðs, skoðuð skipulagsmál á snjóflóðasvæðum, hættumat, flokkun og nýting hættusvæða, fjallað um háspennulínur og vegagerð í snjóflóðaumhverfi. Þá var fjallað um mælingar og snjósöfnun á upptakasvæðum snjóflóða, eftirlit með snjóflóðahættu í byggð, stíflumannvirki og snjóflóðakeilur, notagildi snjósöfnunargrinda, rýmingarkort og rýmingaráætlanir ásamt þekkingu íbúa á hættu á snjóflóðasvæðum svo fátt eitt sé nefnt.



Við snjóflóðamannvirki í Neskaupsstað (© ljósmynd: Árni Jónsson)

Bæði innlendir og erlendir fræðimenn kynntu nýleg verkefni og rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu sviði. Þar á meðal Austurríkismenn og Svisslendingar sem eiga sér langa sögu í snjóflóðavörnum og spara engu til þegar þær eru annars vegar, hvort sem er um að ræða uppbyggingu ferðamannastaða á vinsælum skíðasvæðum eða almenna íbúðabyggð.

Nýjungar í hönnun varnarmarknaðs voru kynntar og hvernig hægt er að sameina varnargarða og útivist eins og gert hefur verið á Siglufirði.

Farið var í vettvangsferð um Austurland og snjóflóðamannvirki skoðuð í fylgd sérfræðinga.

Almannavarnadeildin kynnti starfsemi sína og mótvægisáðgerðir á ráðstefnunni.

Almannavarnadeildin og Veðurstofa Íslands vinna saman að snjóflóðavörnum með lögreglustjórum umdæma landsins og almannavarnanefndum þegar kemur að rýmingaráætlunum, hættuástandi vegna snjóflóða og rýmingu á húsnæði. Gefnir hafa verið út upplýsingabæklingar á 16 skilgreindum snjóflóðasvæðum í þéttbýli og hafa þeir verið afhentir íbúum. Í þeim koma fram rýmingaráætlanir, rýmingarkort og reitir, auk gagnlegra upplýsinga um rýmingu.

Sérfræðingaskipti í almannavörnum

Í almannavarnanefnd Evrópubandalagsins hefur verið lögð áhersla á samvinnu þeirra sem vinna að málefnum almannavarna. Með verkefninu Exchange of Experts eða sérfræðingaskipti gefst þessum aðilum tækifæri til að kynna starfi ýmissa viðbragðsaðila í Evrópu. Nú um mánaðarmótin fer hópur íslenskra sérfræðinga í almannavörnum á vegum verkefnisins til Þýskalands til að kynna sér starfsemi Technisches Hilfswerk (THW) sem eru þýsk sjálfbóða- og björgunarsamtök sem starfa um allan heim. Í næsta fréttabréfi mun verða gerð frekari grein fyrir ferð sérfræðinganna til Þýskalands.

Almannavarnir og Læknadagar

Vikuna 21 – 25 janúar s.l. voru haldnir Læknadagar á vegum Læknafélags Íslands á Hótel Sögu. Þann 24 janúar var fjallað um almannavarnir og heilbrigðiskerfið. Þar var gestafyrirlesari Ann C.Anderson frá New Orleans í Bandaríkjunum og flutti hún áhugavert erindi um viðbúnað og viðbrögð vegna fellibylsins Katrinu árið 2005. Í erindi hennar kom fram að stjórnvöld í Louisiana hefðu fullkomnlega brugðist og hefði neyðarskipulag, viðbúnaður og viðbrögð í borginni verið alls óviðunandi. Íbúarnir jafnt sem stjórnvöld hefðu verið óviðbúnir þó svo að slíkum hamförum hefði verið spáð.

Þá voru einnig fyrirlestrar um almannavarnir og tengslin við sjúkrahúsinn, heilsugæsluna, sóttvarnir og vinnueftirlitið. Meðal fyrirlesara voru Brynjólfur Mogensen, sem kynnti nýja bráðaflokkun, Jóhannes M. Gunnarsson, sem gerði grein fyrir nýrri heildstæðri viðbragðsáætlun Landspítalans og Þórólfur Guðnason, sem sagði frá tengslum almannavarna og sóttvarna. Stefán Þórarinnsson ræddi um muninn á heilsugæslu á landsbyggðinni og í höfuðborginni



Þegar áfall verður og Kristinn Tómasson lagði áherslu á að fjarlægja hættu úr vinnuumhverfi áður en hún veldur einkennum eða sjúkdómum. Í pallborði sátu Brynjólfur Mogensen, Sigurður Guðmundsson og Haraldur Johannessen. Í umræðu kom fram tillaga þess efnis að almannavarnir og heilbrigðiskerfið settu upp rammaáætlun með sama ramma alls staðar. Þá var einnig fjallað Samhæfingarstöðina og mikilvægi góðrar samvinnu starfsmanna hennar við slysavettvang. Þá varð nokkur umræða varð um staðsetningu björgunarþyrilu utan höfuðborgarsvæðisins.

nýju bráðaflokkun sem taka mun við af gömlu greiningarspjöldum almannavarna. Þann 7. maí næstkomandi er fyrirhugað að halda fræðsludag vegna þessarar nýju bráðaflokkunar og áverkamats.

Nýr verkefnastjóri heilbrigðismála



Þann 1. janúar s.l. var Íris Marelsdóttir ráðin í nýja stöðu við almannavarnadeildina til að sinna heilbrigðismálum vegna almannavarna. Meðal verkefna sem falla undir heilbrigðismál má nefna uppfærsla hópslysaáætlana og rýmingaráætlana heilbrigðisstofnana í samvinnu við yfirmenn sjúkrahúsa og landlæknisembætti, þjálfun heilbrigðisstarfsmanna í Samhæfingarstöð auk þess að vera tengiliður við önnur embætti vegna heilbrigðisógnna. Íris er ekki að öllu ókunnug starfi deildarinnar þar sem hún hefur unnið hjá almannavarnadeildinni að gerð áætlunar um heimsfaraldur inflúensu síðastliðin tvö ár.

Bráðaflokkun og áverkamat.

Nú eru komin hingað til lands ný spjöld vegna bráðaflokkunar sjúklunga og áverkamats og spjöldunum fylgja sérstakar töskur ásamt ljósum og skriffærum.



Bráðaflokkunartaska ásamt búnaði. (Ijóm. Rögnvaldur Ólafsson)

Brynjólfur Mogensen, læknir á LSH færði almannavarnadeildinni slíka tösku að gjöf fyrir nokkru og hélt fræðsluerindi um innihald og notkun. Almenn ánægja og áhugi kom fram á fræðslufundinum um þessa